



Matvælaráðuneytið

Bt. Svandís Svavarsdóttir, matvælaráðherra

Borgartúni 26

105 Reykjavík.

Akranesi, 22. júní 2023.

Efni: Erindi Verkalýðsfélags Akraness vegna starfsfólks Hvals hf.

I.

Félagssvæði Verkalýðsfélags Akraness (VLFA) nær m.a. til Hvalfjarðarsveitar og hefur félagið þannig samningsaðild fyrir stærstan hluta þess starfsfólks sem starfar hjá Hval hf. á hvalavertíð. Er það þannig hlutverk félagsins að gæta hagsmuna þessa félagsfólks síns.

II.

Vísað er til ákvörðunar matvælaráðherra, Svandísar Svavarsdóttur, sem tilkynnt var um hinn 20. júní sl., um að stöðva veiðar fyrirtækisins Hvals hf. á langreyðum, fram til 31. ágúst n.k.

Eins og gefur að skilja kom ákvörðunin félagsfólki VLFA í opna skjöldu enda er hún algjörlega á skjön við það sem ráðherra hafði áður gefið út.

Á fundi atvinnuveganefndar Alþingis hinn 23. maí sl. tiltók matvælaráðherra ítrekað að hún teldi enga lagastoð fyrir því að afturkalla gildandi veiðileyfi.

Talaði ráðherra á sama hátt í umræðum á Alþingi fyrir u.þ.b. tveimur vikum, hinn 5. júní sl., en við það tilefni lét hún eftirfarandi orð falla:

„[R]áðherrar geta einungis framkvæmt það sem löggjafarvaldið hefur gefið þeim vald með lögum til að gera og samkvæmt ráðgjöf sem lögfræðingar matvælaráðuneytisins hafa gefið mér er ekki að finna skýra lagastoð fyrir stjórnsluviðurlögum, svo sem afturköllun leyfis að svo búnu.“

Í trausti þess að ráðherra stæði við orð sín réð fjöldi félaga VLFA sig til starfa hjá Hval hf. Deginum áður en að umrætt félagsfólk hugðist hefja störf var leyfið hinsvegar afturkallað.



Með ákvörðun matvælaráðherra hafa rúmlega 100 félagar VLFA verið sviptir lífsviðurværi sínu án nokkurs fyrirvara og búa nú við algjöra óvissu um framfærslu sína.

Margir félagsmenn okkar höfðu sagt upp störfum hjá fyrri vinnuveitanda, tekið tímabundið leyfi eða hafnað öðrum störfum. Enn aðrir höfðu sett íbúðir sínar á leigu enda hugðust þeir dvelja í húsnaði á vegum Hvals á meðan á vertíðinni stóð. Þau sem ákvörðun ráðherra kemur verst við fara þannig tekju- og húsnaðislaus inn í sumarið.

Er nú þegar liðið á sumarið og hafa flestallir vinnustaðir því gengið frá mannaráðningum. Er því fyrirséð að það muni reynast félagsfólki okkar verulega erfitt að finna ný störf.

Þá verður sérstaklega erfitt ef ekki ómögulegt að finna önnur störf með sambærilegum tekjum og á hvalavertíð. Miðað við hvalavertíðir undanfarinna ára má gera ráð fyrir að meðal mánaðarlaun félagsmanna VLFA hefðu verið um tvær milljónir króna í þá þrjá mánuði sem vertíðin stendur. Höfðu fjölmargir félagsmenn gert ráðstafanir í samræmi við framangreint.

Ákvörðunin mun samkvæmt framangreindu koma til með að valda félagsfólki okkar gríðarlegu fjártjóni. Margir félagsmenn sjá þannig fram á að lenda í verulegum fjárhagserfiðleikum, fyrirséð er að stór hluti þeirra muni eiga erfitt með að standa við fjárhagsskuldbindingar. Margir félagsmenn hafa þegar lýst yfir þungum áhyggjum af því að geta séð fyrir sér og fjölskyldu sinni í sumar.

Hin fyrirvaralaus ákvörðun ráðherra hefur þannig leitt til þess að starfsfólkið hefur engan kost á því að grípa til aðgerða til þess að bæta stöðu sína.

III.

Ákvörðun matvælaráðherra hafði ekki einungis áhrif á fyrirtækið Hval hf. heldur fól í senn í sér þungbæra skerðingu á stjórnarskrárvörðum atvinnuréttindum og eignaréttindum félagsfólksins og var þ.a.l. sérstök ástæða til þess að gæta varfærni.

Í ljósi framangreinds er erfiðleikum bundið að sjá hvernig ákvörðun ráðherra samræmist kröfum laga um lögmæti, meðalhóf og réttmæti, gagnvart því félagsfólki okkar sem um ræðir. Verður raunar ekki séð að ráðuneytið hafi haft til hliðsjónar það mikla og alvarlega tjón sem ákvörðunin hefur í för með sér fyrir stóran hóp fólks sem hafði í góðri trú reitt sig á tekjur af hvalavertíð 2023.

Með vísan til alls framanritaðs krefst Verkalýðsfélag Akraness, fyrir hönd félagsfólks síns, að ráðherra afturkalli ákvörðun um stöðvun á veiðum til 1. september á langreyðum til að koma í veg fyrir það fjárhagstjón sem félagsfólk VLFA verður klárlega fyrir ef þessi ákvörðun stendur óhöggðu.

Ef stöðvun verður ekki afturkölluð krefst Verkalýðsfélags Akraness þess að ráðherra grípi til aðgerða til þess að bæta tjón nefnds félagsfólks VLFA.

Vegna þess hversu brýnir hagsmunir eru undirliggjandi er þess um leið krafist að ráðherra láti í ljós afstöðu sína ekki seinna en mánudaginn **26. júní n.k.**



Hyggist ráðherra ekki grípa til aðgerða til þess að bæta stöðu félagsfólks VLFA er óskað eftir því að veittur verði ítarlegur rökstuðningur fyrir lögmæti þeirrar ákvörðunar.

Virðingarfyllst,
f.h. Verkalýðsfélags Akraness

Vilhjálmur Birgisson formaður

Afrit:

Forsætisráðherra
Fjármálaráðherra
Atvinnu-og nýsköpunarráðherra
Formaður atvinnumálanefndar